

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/1553
komudagur 26.3.198

Reykjavík, 25. mars 1998

Með bréfi dagsettu 11. mars s.l. óskaði félagsmálanefnd Alþingis eftir umsögn Fasteignamats ríkisins á frumvörpum til laga um húsnæðismál, 507 mál, og frumvarpi um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög, 508. mál.

Fasteignamat ríkisins gerir ekki athugasemdir við síðarnefnda frumvarpið.

Við frumvarp um húsnæðismál leggur stofnunin til eftirfarandi breytingar:


a) Heiti 21. gr. sé breytt og verði: *Lánstími, lánskjör og höfnun lánveitinga.*

Við 1. mgr. bætist: “Ráðherra getur einnig með reglugerð ákveðið, að lánstími skuli miðast við gerð og ástand húsnæðis eða hafnað lánsúmsóknum um óvandað eða lélegt húsnæði.”

Er þetta nokkurn veginn samhljóða því, sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 31. gr., sbr. 2. mgr. 37. gr. Rökin fyrir þessu eru þau sömu og í athugasemdum með frumvarpinu.

b) Við 38. gr. er gerð sú athugasemd, að þar þyrfti að vera takmarkandi ákvæði um lánstíma þegar um notað húsnæði er að ræða. Þótt 50 ára lánstími geti verið eðlilegur fyrir nýtt húsnæði þarf svo ekki að vera um húsnæði, sem keypt er notað.

Virðingarfyllst,


Magnús Ólafsson, forstjóri